

1869. riti á skuldabréfin sjálf vottorð um, að þau hafi verið skráð í
25. febrúar. bækurnar.

25. febrúar. **10. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um ráðstöfun fjár þess, sem veitt er úr ríkissjóði til pósthæðna á Íslandi.**

Samkvæmt áskorun stjórnarráðsins hafð þér, herra stiptamtmaður — er þér áður hafð skrifast á við hina amtmennina — í bréfi dagsettu 10. desembermán. f. á. skýrt frá álitu yðar um, hvernig fè því, 1000 rd. að upphæð, sem veitt er á ári hverju í fjárhagslögunum til pósthæðanna á Íslandi, yrði fyrst um sinn, þangað til komið verður í kring betra skipulagi á pósthöngunum á Íslandi, sem svo lengi hefir verið í undirbúningi, skipt svo niður milli allra þriggja amtanna, að þar við ynnist það fè, sem með þyrfti til að fjölga pósthöngunum í vesturamtinu. Um þetta efni hafð þér stungið uppá, að ofan nefndri upphæð verði fyrst um sinn skipt niður milli amtanna á þann hátt, að suðuramtið fái 225 rd. á ári, vesturamtið 375 rd. og norður- og austuramtið 400 rd., að amtmönnunum verði þar að auki veitt heimild til að leggja til úr jafnaðarsjóðunum það sem á kynni að vanta, að upphæðin, sem ætluð er hverju amti um sig, hrökkvi til útgjalda þess til pósthönganna á hverju ári, eða til vara, að amtmönnunum verði boðið að bera upp hver fyrir sitt amt uppástungu um, að það, sem þannig kynni að á vanta, yrði veitt með fjárahaukeitingu, og að endingu að þessu skipulagi verði komið á frá 1. aprílmán. þ. á.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið fellst hér með á, að upphæð þeirri, sem veitt er á ári hverju til pósthönganna á Íslandi, verði frá byrjun næsta fjárhagsárs skipt niður á milli allra þriggja amtanna á þann hátt, sem þér hafð stungið uppá, herra stiptamtmaður, og treystir stjórnarráðið því, að amtmennirnir, hver fyrir sitt amt, láti sér annt um, eins og verða má, að upphæð sú, sem hverju amti þannig er ætluð, hrökkvi til. En skyldi sú raunin

á verða, að ekki yrði hjá því komizt einstöku ár að fara út yfir þessar upphæðir, eiga amtmennirnir að bera upp fyrir stjórnarráðinu uppástungu um það sérstaklega, til þess að íhugað verði, hvort leyfa megi, að það sem á vantar verði lagt til úr jafnaðarsjóði þess amts, sem í hlut á¹.

1869.

25. febrúar.

11. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um „praktísérandi“ lækni í Borgarfjarðarsýslu og Mýrasýslu. 25. febrúar.

Í bréfi dagsettu 21. nóvembermán. f. á. hafð þér, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, leitað samþykkis dómsmálastjórnarinnar til þess, að þér hafð veitt Páli Jakopi Blöndal, kandídat í læknisfræði, sem hefir sezt að í Borgarfjarðarsýslu sem „praktísérandi“ læknir, og sem stiptamtíð hefir sett fyrir héraðslækni í tæðri sýslu, styrk þann úr læknasjóðnum íslenzka, sem ákveðinn er í konungsúrskurði 10. maímán. 1867, með kjörum þeim, sem tiltekin eru í konungsúrskurðinum, upp frá þeim degi, að hann hefir tekið sér bólfestu annadhvort í Guðrúnarkoti á Akranesi eða í Höfn í Leirár- og Melasveit, þó svo að styrkurinn haldist því að eins, að ef bústaður hans kynni að þykja óhagkvæmur fyrir íbúa þeirra héraða, sem honum kynnu að verða falin á hendur héraðslæknisstörfun í, þá taki hann sér bústað, sem betur liggur.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið fellst hér með á, að Páli Blöndal, kandídat í læknisfræði, sé veittur styrkur sá, sem um er rædt í konungsúrskurði 10. maímán. 1867, en þó að eins með því skilyrði, að hann takist á hendur héraðslæknisstörfun ekki einasta í Borgarfjarðarsýslu heldur líka í Mýrasýslu, og að hann útvegi sér bústað einhvernstaðar þar, sem hentugast er fyrir

¹) Sama dag var hinum amtmönnum tilkynnt inntak þessa bréfs.